



Fundargerð hreppsnefndar 24. október 2013

Hreppsnefndarfundur verður haldinn fimmtudaginn 24. okt. 2013 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Á fundinn voru mætt Bárður Jónasson, Björn Hreinsson, Einar Björn Kristbergsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Guðrún Anna Guðnadóttir og Hafþór Róbertsson. Jafnframt var mættur sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 10. okt. sl.
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 10. okt. sl.
Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

2. mál. Á fundinn mæta fyrir hönd Heilbrigðiseftirlits Austurlands Helga Hreinsdóttir og f.h. Verkfræðistofu Norðurlands Grétar Grímsson. Rætt um stöðu framkvæmda við Sundlaug, starfsleyfisskilyrði fráveitna o.fl.

Á fundinn var mætt Helga Hreinsdóttir frá HAUST. Grétar Grímsson frá verkfræðistofu Norðurlands komst ekki á fundinn. Einnig var mættur á fundinn Hilmar Józefsson forstöðumaður áhaldahúss sveitarfélagsins. Kynnt bréf HAUST frá 3. júlí sl., varðandi starfsleyfisskilyrði fráveitna og bréf Vopnafjarðarhrepps frá 23. ágúst sl., varðandi sama efni. Ennfremur lagt fram bréf Vopnafjarðarhrepps frá 9. ágúst sl., til Verkfræðistofu Austurlands varðandi útrásarframkvæmdir. Einnig kynnt staða framkvæmda við sundlaug í Selárdal og farið yfir leikvallamál og fleira.

Helga fór síðan yfir þessi mál frá sjónarhóli HAUST og þeirra laga og reglugerða, sem um þessi mál gilda.

Miklar umræður urðu síðan um þessi mál og svaraði Helga fyrirspurnum fundarmanna.

Að loknum umræðum var Helgu þakkað fyrir greinargóða yfirferð um þessa málaflokka. Hún vék síðan af fundi, ásamt forstöðumanni áhaldahúss.

Sveitarstjóra og forstöðumanni áhaldahúss falið að vinna áfram að framgangi mála í þessum málaflokki.

3. mál Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps A- og B-hluta.

-Fyrri umræða.-

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps A- og B hluta fyrir árið 2014.

Með áætluninni fylgir rekstraryfirlit málaflokka, rekstrarreikningur, sjóðstreymi samsteypunnar og efnahagsreikningur.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir framlögðum gögnum og lagði jafnframt fram greinargerð sína með fjárhagsáætluninni, þar sem greint er frá helstu forsendum fyrirbyggjandi áætlunar bæði á tekju -og gjaldahlið. Fór hann síðan yfir helstu stærðir í fyrirbyggjandi áætlun.

Í máli hans kom fram að samstæðan þ.e. allir sjóðir í A -og B- hluta verði samtals gerðir upp með 116,7 m. kr. hagnaði á árinu 2014. Í sjóðstreymi kemur í ljós að þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta, verðbóta, söluhagnaðar og annarra reiknaðra stærða að veltufé frá rekstri verður 178,5 m. kr. Engar breytingar eru áætlaðar á skammtímalíðum. Handbært fé frá rekstri er því 178,5 m.kr., sama fjárhæð og veltufé frá rekstri.

Hér er sett inn nettófjárhæð í fjárfestingar að upphæð 86,7 m.kr., sem nánar eru sundurliðaðar í sérstöku yfirliti, sem fylgir áætluninni.

Eins og fram kemur í skuldahlíð áætlunarinnar hafa skuldir verið lækkaðar verulega á síðustu árum og er enn ráðgert að ganga lengra í þessum efnunum á komandi ári þrátt fyrir áætlun um talsvert miklar fjárfestingar. Engin ný lán hafa verið tekin hjá sveitarfélaginu til margra ára. Þannig hafa skuldir sveitarfélagsins lækkað úr liðlega 200 % af heildartekjum í 101 % árið 2012. Í fjárhagsáætlun yfirstandandi árs var áætlað að þetta hlutfall yrði 92,6 % og í nýrri áætlun fyrir árið 2014 er ráðgert að þetta hlutfall verði komið í 70,6 %. Breyting þessi verður að teljast afrek. Ekki síst fyrir þær sakir að sveitarstjórnarlög gera ráð fyrir að þetta hlutfall megi vera 150 % af tekjum. Af þessum sökum lækka greiðslur verðbóta og vaxta verulega frá því sem hefur verið á umliðnum árum. Þetta léttir stöðu sveitarfélagsins til mikilla muna inn í framtíðina og gerir sveitarfélaginu kleift að greiða skuldir og framkvæmdir af sjálfsaflafé út úr rekstri.

Afborganir lána árið 2013 eru áætlaðar 53,9 m.kr.

Eins og greint var frá hér að framan þá er hreint veltufé frá rekstri áætlað 178,5 m.kr. Fjárfestingar eru áætlaðar 86,7 m.kr. og afborganir lána eru áætlaðar 53,9 m.kr. Handbært fé hækkar því um 37,8 m.kr.

Handbært fé í ársbyrjun er 85,4 m.kr. og verður því 123,3 m.kr. í árslok. Engin ný lán eru tekin á árinu 2014.

Að lokinni yfirferð sinni lagði sveitarstjóri til að fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps fyrir A- og B-hluta yrði vísað til síðari umræðu.

Sveitarstjóri svaraði síðan fyrirspurnum fundarmanna.

Í framhaldi samþykkti hreppsnefnd síðan samhljóða með 7 atkvæðum að vísa fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps til síðari umræðu.

4. mál. Þriggja ára áætlun Vopnafjarðarhrepps fyrir árin 2015-2017.

-Fyrri uræða.-

Lögð fram til fyrri umræðu þriggja ára áætlun Vopnafjarðarhrepps A- og B-hluta fyrir árin 2015-2017.

Sveitarstjóri gerði síðan grein fyrir fyrirbyggjandi gögnum og í máli hans kom m.a. fram að:

Áætlun þessi tekur mið af því að stigin hafa verið stór skref í niðurgreiðslu lána sveitarfélagsins. Í fjárhagsáætlun ársins 2014 er einnig gert ráð fyrir því að halda áfram á þeirri braut. Af þessum sökum verður rekstrarniðurstaða samstæðunnar betri en ella væri, þar sem fjármagnskostnaður lækkar verulega. Þriggja ára áætlun sýnir að áfram skal halda á þessari braut. Hreint veltufé frá rekstri verður á bilinu 178,8 m.kr. til 187,8 m.kr. á tímabili áætlunarinnar, sem er 20,1 %-21,7 % af heildartekjum, sem verður að teljast ásættanlegt.

Öll árin 2014-2017 er gert ráð fyrir að hreint veltufé frá rekstri dugi vel fyrir öllum fjárfestingum og niðurgreiðslu þeirra lána sem greiða þarf niður. Á tímabili áætlunarinnar verður þó ráðist í talsverðar fjárfestingar, sem brýnt er að vinna, á hverjum tíma. Ekki er áætlað að nein ný lán verði tekin á tímabilinu 2014- 2017. Miðað við lánamassa sveitarfélagsins eins og hann er í dag eru afborganir ársins 2014 53,9 m.kr. ársins 2015 55,6 m.kr. og ársins 2016 52,9 m.kr. og ársins 2017 49,3 m. kr.

Þrátt fyrir þetta er gert ráð fyrir að fjárfestingar á næsta ári verði um 86,7 m.kr. sem er 10,1 % heildartekna og 70 m.kr. nettó gangi árlega til fjárfestinga á áætlunartímabili þriggja ára áætlunarinnar 2015-2017.

Svigrúm sveitarfélagsins til ýmisra aðgerða er þó töluvert mikið meira þar sem handbært fé er verulega jákvætt allt tímabilið og er 304,7 m.kr. í árslok 2017. Af þessu sést að svigrúm sveitarfélagsins til frekari fjárfestinga eða fjárfrekra aðgerða er talsvert umfram það sem ráðgert er.

Auk þess væri mögulegt að greiða lán hraðar niður en áætlunin sýnir.

Með þessu móti er farin varfærin leið og miðað við að eiga borð fyrir báru komi upp óvænt útgjöld, sem ekki eru fyrir séð eða ef forsendur fjármála þjóðarskútunnar bresta eins og við erum brennimerkt af eftir fjármálakrísuna sem við höfum upplifað frá árinu 2008.

Að lokinni yfirferð sinni lagði sveitarstjóri til að þriggja ára áætlun sveitarfélagsins yrði vísað til síðari umræðu í sveitarstjórn.

Að afloknum talsverðum umræðum, þar sem sveitarstjóri svaraði fyrirspurnum fundarmanna var samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum að vísa fyrirbyggjandi tillögu að þriggja ára áætlun sveitarfélagsins til síðari umræðu til samræmis við fyrirbyggjandi tillögu sveitarstjóra þar um.

5. mál. Tillaga um álagningu útsvars fyrir árið 2014.

Lögð fram svofelld tillaga að álagningu útsvars á árinu 2014:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að útsvarshlutfall árið 2014 verði eins og var á árinu 2013. Álagningarhlutfallið verður því 14,48% á árinu 2014, sem er hámarksálagning.”

Gerði sveitarstjóri grein fyrir tillögunni og lagði til að hún yrði samþykkt. Fyrirbyggjandi tillaga var síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

6. mál. Tillaga að álagningu fasteignagjalda fyrir árið 2014.

Lögð fram svofelld tillaga að álagningu fasteignagjalda.

„Álagningarreglur fasteignagjalda hjá Vopnafjarðarhreppi fyrir árið 2014

Álagning fasteignagjalda 2014 verður ákveðin með eftirfarandi hætti.

<!--[if !supportLists]-->I. <!--[endif]-->Hreppsnefnd Vopnafjarðar samþykkir að fasteignagjöld fyrir árið 2014 verði lögð á sem hér segir:

<!--[if !supportLists]-->a) <!--[endif]-->Fasteignaskattur á :

- 1) Íbúðarhúsnæði og bújarðir. 0,55 % af heildarfasteignamati
- 2) Atvinnuhúsnæði og annað húsnæði. 1,65 % af heildarfasteignamati
- 3) Sjúkrastofnanir, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn 1,32 % af heildarfasteignamati

<!--[if !supportLists]-->b) <!--[endif]-->Vatnsgjald og holræsagjald:

<!--[if !supportLists]-->1. <!--[endif]-->Vatnsgjald nemi 0,3 % af fasteignamati húss.

<!--[if !supportLists]-->· <!--[endif]-->Aukavatnsgjald skv. mæli skv. gjaldskrá grunnur kr. 35 fyrir hvern rúmmetra vatns miðað við grunnvísitölu byggingarkostnaðar 115,5 stig í des. 2012.

<!--[if !supportLists]-->2. <!--[endif]-->Holræsagjald nemi 0,32 % af heildarfasteignamati. (Ath. Hefur verið 0,2 %) Hér er lögð til tímabundin hækkun til þess að mæta kostaði við fráveituframkvæmdir, sem nauðsynlegt er að ráðast í.).

<!--[if !supportLists]-->c) <!--[endif]-->Lóðarleiga
Lóðarleiga verði 2,0 % af fasteignamati allra lóða á Vopnafirði.

Gjalddagar fasteignagjalda 2014 verða 8 og verða þeir 15. febrúar 15. mars, 15. apríl, 15. maí, 15. júní, 15. júlí, 15. ágúst og 15. september. Eindagi verði 30 dögum síðar.

Athugið! Ef fjárhæðir til innheimtu eru lágar er þeim ekki dreift á átta gjaldaga, heldur færri.

Hreppsnefnd heimilar með stoð í 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga að fella niður fasteignaskatt elli- og örorkulífeyrisþega af eigin íbúð á eftirfarandi hátt. Niðurfelling fasteignaskatts skal vera tekjutengd. Tekjuviðmiðun eru árstekjur 2013 skv. skattframtali 2014:

<!--[if !supportLists]-->a) <!--[endif]-->Einstaklingar
Brúttótekjur 2013 allt að kr. 2.440.621 100% niðurfelling

Brúttótekjur 2013 allt að kr. 3.381.447

50 % niðurfelling

<!--[if !supportLists]-->b) <!--[endif]-->Hjón:

Brúttótekjur 2013 allt að kr. 3.617.059

100 % niðurfelling

Brúttótekjur 2013 allt að kr. 4.029.790

50 % niðurfelling

Við fráfall maka eða sambylings skal fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, sem fjölskylda hins látna (hinnar látnu) á og býr í felldur niður að fullu fyrsta árið en að hálfu annað árið eftir fráfall.

Búi fullvinnandi einstaklingur (eða hjón) inni á heimili ellilífeyrisþega, fellur fasteignaskattur ekki niður.

Hafi veruleg tekjulækkun orðið hjá ellilífeyrisþega milli árána 2013 og 2014 hefur hreppsnefnd heimild til að taka tillit til þess við niðurfellingu fasteignaskatts, berist umsókn um slíkt.

Sömu reglur skulu gilda um niðurfellingu fasteignaskatts hjá öryrkjum með fulla örorku.

<!--[if !supportLists]-->II.

<!--[endif]-->Hreppsnefnd Vopnafjarðar samþykkir á

grundvelli laga nr. 81./ 1988 IV. kafla 22. gr., að leggja á sérstakt sorphirðu og sorpeyðingargjald á hverja íbúð á Vopnafirði á árinu 2014. Hvort gjald um sig skal vera kr. 11.000 á íbúð eða samtals 22.000 Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

Um gjöld að öðru leyti fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs á Vopnafirði fer samkvæmt samþykktum og gjaldskrá sem Vopnafjarðarhreppur hefur sett sér og tóku gildi á árinu 2011. Gögn þessi má finna á heimasíðu sveitarfélagsins.“

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirliggjandi tillögu að fasteignagjöldum. Í máli hans kom fram að ráðgert væri að álagning gjaldanna yrði nánast með sama hætti og á yfirstandandi ári. Þó væri sú breyting að álagning holræsagjalda hækkaði úr 0,2 % á álagningarstofni í 0,32 % og og sorphirðu og sorpeyðingargjald á íbúð hækkaði úr 10.500 kr. í 11.000 kr. á árs grundvelli.

Breytingar þessar gefa heildarhækkun um nálægt 3.800 þús. kr. á ári. Að öðru leyti gilda samþykktir og gjaldskrár, sem um þessi gjöld fjalla.

Að lokinni yfirferð sinni lagði sveitarstjóri til að tillagan yrði samþykkt.

Talsvert miklar umræður urðu um fyrirliggjandi tillögu, þar sem fundarmenn lýstu hugmyndum sínum.

Að því búnu var gengið til atkvæða um fyrirliggjandi tillögu. Samþykkt að greiða atkvæði um hana í tvennu lagi.

Fyrst voru greidd atkvæði um alla þætti tillögunnar nema holræsagjaldið.

Samþykkt með 7 samhljóða atkvæðum.

Síðan voru greidd atkvæði um álagningarprósentu holræsagjaldsins og var hún samþykkt 5 atkvæðum gegn 2 atkvæðum

Tillagan þannig samþykkt í heild sinni.

7. mál Bréf Atvinnuvega -og Nýsköpunarráðuneytis dags. 16. okt., sl. varðandi úthlutun byggðakvóta til Vopnafjarðarhrepps fyrir kvótaárið 2013/2014.

Lagt fram bréf Atvinnuvega -og nýsköpunarráðuneytisins frá 16. okt. sl., þar sem ráðuneytið tilkynnir að Vopnafjarðarhreppur hafi á grundvelli umsóknar sinnar fengið úthlutað 300 þorskígildistönnum .

Nokkrar umræður urðu um þessi mál þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum, varðandi leikreglur við úthlutun kvótans.

Ernindinu vísað til atvinnumálanefndar.

8. mál Vátryggingamál Vopnafjarðarhrepps.-Staða-Einar Björn Kristbergsson vék af fundi.

Lagt fram bréf Vopnafjarðarhrepps frá 23. maí sl., til VÍS þar sem samningi um tryggingar sveitarfélagsins er sagt upp. Meðfylgjandi var samningur sem í gildi hefur verið.

Farið var yfir tryggingamál hjá sveitarfélaginu. Fjárhæðir iðgjalda o.fl. Jafnframt kynnt arðgreiðsla sem fengist hefur á árinu vegna gildandi samnings við VÍS að fjárhæð 5.730 þús. kr.

Þá var og kynnt tilboð sem borist hefur frá tryggingarfélaginu um nýjan samning, sem gilda myndi frá ársbyrjun 2013 og til ársloka 2016. Í tilboðinu er boðin mikil lækkun iðgjalda.

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og yfirferðar um þessi mál samþykkti hreppsnefnd samhljóða með 6 atkvæðum fela sveitarstjóra og oddvita að ganga til samninga um nýjan samning við VÍS.

Einar Björn mætti aftur á fundinn.

9. mál. Kaupvangur, staða mála.

Rætt var um það að rekstraraðili kaffihússins í Kaupvangi mun hætta rekstri um komandi mánaðarmót.

Sökum þess þarf að taka ákvarðanir um framvindu mála og hvernig menn vilja standa að framhaldinu. Allmiklar umræður urðu um þessi mál, þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum varðandi þessi mál.

Hreppsnefnd samþykkti samhljóða að fela sveitarstjóra og oddvita að auglýsa eftir aðilum, sem áhuga hafa á kaffihúsarekstri í húsinu.

10. mál. Viðauki við fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2013, vegna Sundabúðar legudeildar.

Lögð fram drög að viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2013, vegna Sundabúðar legudeildar.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir viðaukanum og lagði til að sér yrði falið í samráði við KPMG að fullvinna hann og senda til Innanríkisráðuneytisins.

Í máli hans kom fram að áætlað er að tekjur Sundabúðar verði um 119 m.kr. og gjöld sambærileg upphæð. Af rekstrarkostnaði er gert ráð fyrir að liðlega 80 % séu laun og afgangurinn almenn rekstrargjöld. Viðaukinn er gerður í samræmi við 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Fyrirliggjandi tillaga var síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

11.mál. Bréf dags. 19. sept. sl., varðandi vinabæjarsamstarf.

Lagt fram bréf dags. 19. sept sl., frá formanni vinabæjarnefndar Norrænafélagsins á Íslandi, þar sem spurst er fyrir um hvort Vopnafjarðarheppur hafi áhuga á því að gerast vinabær Ockelbo í Svíþjóð. Hreppsnefndarmenn töldu erindið mjög áhugavert, en töldu að nánari upplýsingar þyrftu að liggja fyrir áður en ákvörðun verður tekin í þessum efnun.

Samþykkt var að fela sveitarstjóra að kanna nánar um kostnað og kvaðir sem fylgt geta slíku vinabæjarsamstarfi áður en endanleg ákvörðun verður tekin.

12. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Fundargerð aðalfundar Haust frá 9. okt. sl.

Lagt fram til kynningar.

b) Fundargerð stjórnar Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands frá 8. okt. sl.

Lagt fram til kynningar

c) Ályktanir frá aðalfundi SSA

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19.15